



## Samþykktir fyrir Vinnuskóla Bláskógabyggðar.

### **Forstöðumaður vinnuskóla**

Sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar er forstöðumaður vinnuskólans. Forstöðumaður stýrir daglegum rekstri skólans og ber ábyrgð á því að farið sé eftir settum reglum. Hann stjórnar störfum flokksstjóra og tilfallandi raðgjafa/verktaka sem kunna að vera kallaðir til starfa á vegum vinnuskólans á grundvelli tilboða. Á sumarstarfstímanum heldur hann vikulega fundi með þessum starfsmönnum til að samræma starfið. Forstöðumaður auglýsir eftir fólki í sumarstörf hjá vinnuskólanum í apríl/maí ár hvert og ræður flokksstjóra og annað starfsfólk/skólanemendur í samræmi við samþykktir vinnuskólans. Forstöðumaður leggur fram í lok febrúar ár hvert tillögur til byggðarráðs um starfstíma og skipulag vinnuskólans komandi sumars. Eftir að bæjarráð hefur samþykkt tillögur forstöðumanns um lengd starfstíma og skipulag starfsins sér hann um kynningu á starfsfyrirkomulagi til nemenda í 7., 8., 9. og 10. bekk grunnskóla Bláskógabyggðar með viðeigandi auglýsingum og upplýsingum sem sendar eru í skólann. Forstöðumaður fylgist með því að flokksstjórar skili því starfi sem ætlast er til af þeim, s.s. vinni með unglíngum og sýni þeim hvernig standa skuli að verki og beita áhöldum. Hann brýnir fyrir flokksstjórum mikilvægi þeirra hvað varðar árangur af starfi skólans. Forstöðumaður tekur ákvörðum með flokksstjóra um tímabundna brottvísun nemenda úr vinnu vegna óhlýðni eða brota á reglum skólans. Tímabundna brottvísun skal tilkynna skrifstofu sveitarfélagsins. Láti nemandi ekki segjast við áminningu eða tímabundna brottvísun úr starfi fer forstöðumaður með framhald málsins og hefur sambandi við forráðamann nemandans.

### **Flokksstjórar**

Fjöldi flokksstjóra auk yfirflokksstjóra ræðst af fjölda nemenda í vinnuskólanum hverju sinni. Fjöldi nemenda bak við hvert stöðugildi flokksstjóra skal vera á bilinu 5 til 10. Stöðugildi flokksstjóra er ákveðin ár hvert með afgreiðslu á árlegri tillögu til bæjarráðs um tilhögun vinnuskólans. Yfirflokksstjóri gegnir störfum flokksstjóra samhliða sé nemendafjöldi vinnuskólans undir 21, annars er hann undanþegin beinni flokksstjórn. Störf flokksstjóra eru auglýst í apríl ár hvert. Forstöðumaður sér um ráðningar, sem fara fram í maí að undangengnum viðtölum við umsækendur. Flokksstjóri skal vera 18 ára (á árinu) eða eldri. Æskileg er uppeldismenntun, reynsla af störfum með börnum og unglíngum og verklegum störfum.

### **Yfirflokksstjóri.**

Yfirflokksstjóri er staðgengill forstöðumanns og hefur á hendi verkstjórn flokksstjóranna í samráði við hann. Hann heldur utan um skýrslugjafir flokksstjóranna og skilar þeim tímanlega til forstöðumanns fyrir hverja útborgun launa. Yfirflokksstjóri hefur á hendi umsjón félagsstarfs vinnuskólans í samráði við forstöðumann.

### **Flokksstjóri.**

Flokksstjóri stjórnar daglegu starfi vinnuflokka unglínganna í samráði við yfirflokksstjóra. Hlutverk hans er að annast verkstjórn, kennslu og uppeldi. Hann stuðlar að reglusemi, ástundun og góðri umgengni. Flokksstjórinn er fyrirmynd unglínganna, vinnur með þeim og sýnir á hvern hátt skuli standa að verki og beita áhöldum, hann gengur eftir því að nemandur starfi samkvæmt reglum skólans, séu klæddir til útivinnu við mismunandi aðstæður og hafi með sér nesti ef með þarf. Flokksstjóri fylgir vinnuhópi sínum á fræðsludögum. Flokksstjóri heldur skýrslu um mætingar og ástundun unglíngja, skilar vinnuskýrslum daglega til yfirflokksstjóra/forstöðumanns og gefur nemendum umsögn um frammistöðu í lok starfstímans.

## **Markmið**

Markmið Vinnuskóli Bláskógabyggðar er að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir 13, 14, 15 og 16 ára unglinga í sveitarfélaginu.

## **Hlutverk**

Vinnuskólinn reynir að hafa sumarstörf, sem nemendum er boðin, fjölbreytt og á mismunandi vinnusvæðum, bæði innan þéttbýlissvæða og utan þeirra. Í vinnuskólanum lærir nemendinn að nota algeng áhöld og verkfæri og ávinnur sér reynslu af verklegum störfum.

## **Vinnutími og verkefni**

Vinnuskólanum er falið að gefa unglingum í Bláskógabyggð eftirfarandi tækifæri á sumarstarfi:

### **13 ára, úr 7. bekk grunnskóla:**

**Starfstími:** hámark 20 tímar á viku í allt að átta vikur. Skiptast þeir í fjórar stundir á dag, fimm daga vikunnar.

**Helstu verkefni:** Létt vinna, þrif, hreinsun gróðurbeða, rakstur eftir slátt o.fl.

### **14 ára, úr 8. bekk grunnskóla**

**Starfstími:** hámark 20 tímar á viku í allt að átta vikur. Skiptast þeir í fjórar stundir á dag, fimm daga vikunnar.

**Helstu verkefni og vinnusvæði:** Þrif og létt viðhald á lóðum grunnskóla. Þrif, létt viðhald og aðstoð við ýmsa sumarstarfsemi s.s. gróðursetning, gróðurvinna, rakstur eftir slátt og létt garðvinna.

### **15 ára, úr 9. bekk grunnskóla:**

**Starfstími:** hámark 36 tímar á viku í allt að átta vikur. Skipast þeir í átta stundir á dag mánudaga til fimmtudaga og fjórar stundir á föstudögum

**Helstu verkefni og vinnusvæði:** Landgræðsluverkefni, gróðursetning, áburðargjöf. Ýmis verkefni á opnum svæðum, þrif, sláttur með handsláttuvél, gróðurumhirða í gördum ellilífeyrisþega skv. pöntunum.. Einnig í kirkjugörðum og trjálundum í sveitarfélaginu eftir samkomulagi.

### **16 ára, úr 10. bekk grunnskóla:**

**Starfstími:** hámark 36 tímar á viku í allt að átta vikur. Skipast þeir í átta stundir á dag mánudaga til fimmtudaga og fjórar stundir á föstudögum.

**Helstu verkefni og vinnusvæði:** Sláttur með handsláttuvél og vélorfi, rakstur og létt viðhald á lóðum sveitarfélagsins í samvinnu við garðyrkjuráðunaut. Gróðursetning plantna og trjáa. Áburðargjöf og stígagerð. Ráðgjafi fenginn, sem skipuleggur verkefni.

## **Fræðslu- og frístundastarf.**

Á starfstíma vinnuskólans skal stuðlað að uppbyggjulegu félagsstarfi, s.s. með fræðslu um umhverfismál og endurvinnslu, fræðslu um atvinnumál, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og í samvinnu við jafningjafræðslu framhaldsskólanema, kynningu á hættunni af vímuefnaneyslu.